

Alþingi  
Erindi nr. Þ 140/139  
komudagur 15.11.2011

## HAUST Heilbrigðiseftirlit Austurlands

s. 474 1235, fax. 471 2971, netfang: [haust@haust.is](mailto:haust@haust.is)



14. nóvember 2011

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

### Umsögn um væntanlega breytingu á matvælalögum, mál 138.

Um málið eru komin fram tvö frumvörp til breytinga á matvælalögum og verður hér fjallað um þau bæði og þau borin saman.

1. Þingskjal 61 — 61. mál. frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum. Flm.: Sigurður Ingi Jóhannsson, Ásmundur Einar Daðason, Vigdís Hauksdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Eygló Harðardóttir.
2. Þingskjal 138 — 138. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (takmörkun á gildissviði laganna, reglugerðarheimild, EES-reglur). Lagt fram sem stjórnarfrumvarp.

Hjá HAUST hafa starfsmenn farið yfir þessi frumvörp bæði. Okkar niðurstaða er að frumvarp SIJ, ÁDE o.fl. sé mun betra en frumvarp ráðherra og líklegra til að um það verði sátt, ekki bara við góðgerðarfélag heldur einnig við matvælaframleiðendur/veitingaaðila, sem hafa reyndar lítið látið í sér heyrta í fjölmiðlafárinu um heimabaksturinn.

#### Leyfisskylda eða a.m.k. tilkynningarskylda.

Það er okkar mat að sú aðferð sem farin er í frumvarpi SIJ, ÁDE o.fl., þ.e. að opna á sölu matvæla í góðgerðaskyni með því að nota gr. 9 frekar en gr. 2 sé mun æskilegri. Þá er enn leyfisskylt að selja heimabakstur. Einhvers konar leyfi eða vottorð vegna sölu til handa góðgerðarfélagum eru að okkar mati alveg nauðsynleg, m.a. til að heilbrigðiseftirlit fái færi á að leiðbeina um góða framleiðsluhætti, ofnæmisvaka, meðferð matvæla, kælingu, pakkningar o.fl. Til að sýna vilja til samstarfs mætti leggja til að leyfin verði framlag heilbrigðiseftirlits og/eða sveitarfélaganna þannig að þau verði án kostnaðar fyrir góðgerðarsamtök. Nú er 30% af rekstarkostnaði við flest heilbrigðiseftirlitssvæði svokallað íbúuframlag. Ég tel að þar megi fjármagna svona leyfi. Ekki er hægt að framfylgja matvælaeftirliti á útimörkuðum ef söluaðilar hafa ekki skjöl sem þeir framvísa um hvort þeir eru með formleg starfsleyfi eða að selja fyrir góðgerðarsamtök.

Með því að nota gr. 2 og undanskila góðgerðarsamtök matvælalögunum eru slík samtök ekki lengur háð kaflanum um matvælaöryggi, þ.e. að matvælin séu örugg, þ.e. ekki heilsuspillandi eða óhæf til neyslu og þá er stjórnandi – yfirmaður góðgerðastarfseminnar í þessu tilfalli laus undan allir ábyrgð á matvælunum.

#### Hvað má framleiða án eftirlits?

Við teljum að sölu á matvælum framleiddum í heimahúsum þurfi að takmarka við bakstur, sultur eða „örugg matvæli“. Með því að nota hugtökin „matvæli og matreiða“ er opnað á hvers konar matvæli og flókna viðkvæma rétti. Í heimahúsum er yfirleitt ekki aðstaða til að kæla mikið magn af mat hratt eða til að geyma við rétt hitastig og því miður verða matbornir sjúkdómar einmitt til við slíkar aðstæður.

### Hvar má selja og hve lengi?

Leyfilega sölustaði matvæla frá heimilum ætti að skilgreina. Anddyri stórmarkaða, félagsheimili, útimarkaðir, tjöld o.þ.h. geta vel hýst sölu á heimabakkelsi, en ekki ætti að heimila að farið sé með matvæli úr heimahúsum inn í eldhús veitingastaða.

Einnig væri gagnlegt að skilgreina hve langan tíma í senn markaðssala má standa yfir.

Viðkvæm matvæli geta ekki verið lengi á boðstólum.

### Samkeppnissjónarmið.

Við teljum afar mikilvægt að sala á bakkelsi úr heimahúsi sé takmörkuð við góðgerðarfélag og að hugtakið „góðgerðarfélag“ sé skilgreint þröngt. Í báðum frumvörpunum er það reyndar gert. Enginn ætti að fá leyfi til að selja matvæli úr heimahúsi í tekjuöflunarskyni. Miklar kröfur eru gerðar til rekstaraðila matvælafyrirtækja, bæði hvað varðar húsnæði, búnað og þekkingu á sínu handverki. Þessar kröfur eru ekki gerðar að ástæðulausu. Það er því vart sanngjarnt að opna á mikla og ósanngjarna samkeppni við þá.


### Varðandi frumframleiðslu og hefðbundin matvæli

Við teljum óráð að opna fyrir sölu þessum varningi nema samhliða fari fram mjög ítarleg skilgreiningarvinna. Við viljum helst að b lið í 1.gr. í frumvarpi ráðherra verði alveg sleppt þar til mun ítarlegri vinna hefur farið fram og landsreglur verði birtar samtímis.

Mikilvægt er líka að fá skýrar upplýsingar um í hve miklu magni og að hvaða leyti er áformað að heimilt verði að víkja frá ákvæðum laganna. Þannig er t.d. brýnt að í engu verði vikið frá kröfum um matvælaöryggi og ábyrgð framleiðenda.

Afhending frumframleiðsluvöru í litlu magni beint til neytenda – getur það t.d. náð til afhendingar á heimaslátruðu lambi eða óheilbrigðissskoðuðu hreindýrakjöti? Getur þetta náð til sölu á heimagerðum osti í kaupfélagi í litlu þorpi – og ef kaupfélagið fór í gjaldþrot og verslunin er rekin af stórrí verslunarkeðju, má þá selja í einni verslun keðjunnar en ekki annarri?

Við teljum að heimild til sölu á frumframleiðslu geti gert að engu mikla og metnaðarfulla vinnu „Beint frá býli“, þar sem stjórnarnenn hafa lagt áherslu á öryggi matvæla og eru meðvitaðir um að slæg framleiðsla eins félagsmanns getur skemmt fyrir öllum matvælaframleiðendum. Skilgreina þarf hugtökin „staðbundið smásöluvyrirtæki“, „lítið magn“ o.m.fl. í þessu samhengi.

Virðingarfyllt,  
  
Helga Hreinsdóttir  
frkvstj. HÁUST

HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
SÝRURLANDSSVÆÐIS

Búðareyri 7

Tjarnarbraut 39b

Ásvegur 31

Hafnarbraut 27

730 Reyðarfjörður

700 Egilsstaðir

760 Breiðdalsvík

780 Höfn